



GRINDAVÍKURBÆR

Áskorun til alþingismanna

Frá bæjarstjórn Grindavíkurbæjar

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar lýsir áhyggjum af því að þingstörf verða ekki með venjulegum hætti á haustþingi. Af því hlýst óvissa sem getur reynst bagaleg við þær krefjandi aðstæður sem Grindvíkingar og Grindavíkurbær glíma við vegna náttúruhamfara.

Vakin er athygli þingmanna á bókun bæjarstjórnar frá 29. október sl. um drög að aðgerðaáætlun framkvæmdanefndar vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ í húsnæðismálum:

Bæjarstjórn fagnar því að aðgerðaáætlun um húsnæðismál er komin fram og leggur áherslu á að tillögurnar nái fram að ganga. Bæjarstjórn telur sérstaklega brýnt að tillögur um lagabreytingar sem varða útfærslu sérstaks húsnæðisstuðnings fyrir tekjulága íbúa Grindavíkur, frá 1. janúar 2025, og aukinn frest húseigenda til að selja eignir sínar til Þórkötlu verði lögfestar á næstu vikum. Einnig verði tryggðar nauðsynlegar fjárheimildir til að fjármagna aðgerðir í þágu grindvískra heimila samhliða afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2025.

Bæjarstjórn vekur einnig athygli þingmanna á því að í umsögn atvinnuteymis Grindavíkurbæjar um frumvarp til laga um stuðningslán til rekstraraðila í Grindavík vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga¹ er útlistað hvaða lagaákvæði sem Alþingi hefur sett á undanförunu ári eru að renna úr gildi um næstu áramót. Bæjarstjórn gerir þá sjálfstöðu kröfu til Alþingis og viðkomandi ráðherra og ráðuneyta að tryggt verði að Grindvíkingar verði ekki fyrir tjóni vegna stjórnarslita og þingrofs.

Sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi ákvæði í lögum:

- 1. mgr. 4. gr. laga nr. 15/2024, með síðari breytingum sbr. lög nr. 65/2024, um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.**

Gildistími laganna verði framlengdur til 1. apríl 2025. Frekari stuðningsaðgerðir ætti hins vegar að sníða þannig að þær feli í sér hvata fyrir fleiri fyrirtæki til þess að hefja aftur starfsemi í Grindavík.

¹ Slóð á umsagnir Grindavíkurbæjar og rekstraraðila í Grindavík er hér: [Öll erindi í 298. máli: stuðningslán til rekstraraðila í Grindavíkurbæ vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga | Erindi | Alþingi](#)



GRINDAVÍKURBÆR

b. 1. gr. laga nr. 74/2024 um Afurðasjóð Grindavíkurbæjar.

Gildissvið tryggingarverndar sjóðsins afmarkast við tíma frá gildistöku laganna 1. júl til 31. desember 2024. Þessi tími er augljóslega alltof knappur.

c. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 16/2024 um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík.

Samkvæmt ákvæðinu geta íbúðaeigendur í síðasta lagi óskað eftir uppkaupum fyrir 31. desember. Bæjarstjórn tekur undir tillögu Grindavíkurnefndar um að frestur verði lengdur til 1. júl 2025.

Jafnhliða framangreindri breytingu væntir bæjarstjórn þess að gerð verði breytingum á 1. tl. 2. mgr. 7. gr. laganna, í samræmi við fyrirliggjandi tillögur Grindavíkurnefndar. Í stað orðsins „Fasteignagjöldum“ komi: Fasteignaskatti og lóðarleigu. Í breytingunni felst að þórkatta muni greiða fráveitugjald og vatnsgjald líkt og aðrir fasteignaeigendur, en verði áfram undanþegin greiðslu fasteignaskatts og lóðarleigu.

d. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 94/2023, með síðari breytingum, um sérstakan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavík, sbr. lög nr. 65/2024.

*Bæjarstjórn vísar til bókunar að framan og tillagna Grindavíkurnefndar. **Áréttað er að það er mjög brýnt að lagabreyting verði samþykkt fyrir alþingiskosningar 30. nóvember.***

e. 7. mgr. laga nr. 114/2023 um breytingu á lögum um almennar íbúðir og lögum um húsnæðismál.

Heimild Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til að veita allt að 30% stofnframlag ríkis og viðbótarframlag gildir til 31. desember 2024. Ákvæðið skal endurskoðað fyrir lok árs 2024. Bæjarstjórn vísar til ofangreindrar bókunar og tillagna Grindavíkurnefndar.

f. 1.-3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 84/2023 um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 5. gr.

Lögin í heild gilda til 31. desember 2026 en tilgreind ákvæði falla hins vegar úr gildi 1. janúar 2025. Augljós þörf er til þess að framlengja þær heimildir og væri að öllum líkindum skynsamlegast að fella 2. málslíð 1. mgr. 5. gr. úr gildi.

g. Lög nr. 4/2024 um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Með lögnum var Grindavíkurbæ heimilað að fresta, lækka eða fella niður fasteignaskatt á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í Grindavík. Jafnframt var Grindavíkurbæ tryggt framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fasteignaskattsjöfnunar og grunnskólakostnaðar. Þar sem um er að ræða skattalagaákvæði er nauðsynlegt að framlengja gildistíma laganna með ákveðnum breytingum er snúa að jöfnunarsjóðsframlögum. Grindavíkurbær er tilbúinn til að leggja fram frekari hugmyndir um útfærslu þeirra lagabreytinga.



GRINDAVÍKURBÆR

Sérstakt tillit þyrfti að taka til þess að vegna þess að regluverk jöfnunarsjóðs gerir ekki ráð fyrir skörpum breytingum á íbúafjölda, líkt og orðið hefur í Grindavíkurbæ, mun sveitarfélagið að óbreyttu ekki fá jöfnunarframlag úr sjóðnum á árinu 2025.

Lokaorð

Það er óhugsandi og algerlega ótæk niðurstaða að rof verði á gildistíma úrræða í þágu Grindvíkinga þótt um sé að ræða lagaákvæði sem löggjafinn hafi gert ráð fyrir að yrðu endurskoðuð með tilliti til aðstæðna við lok gildistíma laganna. Öll framangreind atriði eru mikilvæg í ljósi þess að náttúruhamförum er því miður ekki ennþá lokið og land heldur áfram að rísa við Svartsengi.

Fyrirsjáanleiki um stuðningsúrræði, hvort sem þau snúa að einstaklingum, fyrirtækjum eða rekstri Grindavíkurbæjar, skiptir mjög miklu máli. Vafi um hvort úrræði verði framlengd er því óásættanlegur.

Bæjarstjórn vill að lokum lýsa þakklæti til alþingismanna fyrir þann einróma stuðning sem Alþingi hefur sýnt íbúum Grindavíkur og væntir þess að sá stuðningur verði áfram til staðar eftir alþingiskosningar 30. nóvember.

31. október 2024

F.h. bæjarstjórnar

Fannar Jónasson, bæjarstjóri